

## Lög hestaíþróttadómarafélags Íslands

### 1.grein

Hestaíþróttadómarafélag Íslands er félag allra dómara í hestaíþróttum í landinu. Aðsetur félagsins er í Reykjavík. Skammstöfun fyrir nafn félagsins skal vera HÍDÍ.

### 2.grein

Tilgangur félagsins er:

- a) Að halda félagatal yfir alla hestaíþróttadómara í hestaíþróttadómarafræðum í landinu.
- b) Að gangast fyrir endurmenntunarnámskeiðum, nýdómaranámskeiðum, fræðslufundum svo og ráðstefnum fyrir dómara, í samráði við dómaranefnd LH og/eða fræðslunefnd.
- c) Að sjá til þess að hestaíþróttadómarar starfi í anda þeirra laga, sem ársþing LH setur.
- d) Að semja við LH um launakjör og ferðakostnað dómara í byrjun hvers starfsárs.
- e) Að skila fulltrúa með landsdómararéttindi í Dómaranefnd LH.
- f) Að flokka dómara í alþjóða-, lands- og héraðsdómara í samráði við Dómaranefnd LH.

### 3.grein

Aðilar að HÍDÍ geta allir hestaíþróttadómarar í landinu orðið, sem hafa lokið tilskyldu prófi og greiða árlegt félagsgjald.

### 4.grein

HÍDÍ heyrir undir og lýtur lögum og reglugerðum LH, en að öðru leyti stjórnað af:

- a) Aðalfundi félagsins
- b) Stjórn HÍDÍ

### 5.grein

Aðalfundur HÍDÍ skal haldinn í janúar ár hvert. Aðalfundurinn fer með æðsta vald félagsins. Skal til fundarins boðað með aulýsingu eða á annan sannarlegan hátt með 14 daga fyrirvara. Aðalfundurinn er löglegur, ef löglega er til hans boðað.



### 6.grein

Á aðalfundi hafa allir dómarar innan félagsins atkvæðarétt og málfrelsi, auk þess hafa rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn HÍDÍ
- b) Stjórn LH

Auk þess getur stjórn félagsins boðið öðrum aðilum fundarsetu, ef hún telur ástæðu til og skulu þeir hafa málfrelsi. Tillögum um lagabreytingar og skipulagsmál, sem óskast tekin fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

### 7.grein

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosinn fundastjóri og fundarritari
3. Skýrsla stjórnar félagsins
4. Lagðir fram reikningar félagsins
5. Umræður um skýrslu og reikninga og þeir bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur
7. Afgreiðsla tillagna
8. Ákvörðun félagsgjalda sbr.9gr.
9. Kosning stjórnar og varastjórnar sbr. 8.gr.
- 10.Önnur mál
- 11.Fundarslit

### 8.grein

Stjórn HÍDÍ fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda. Stjórnina skipa 3 menn og 2 til vara. Formaður skal kosinn fyrst tile ins árs í senn, en síðan tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að annar gangi úr stjórn ár hvert. Ennfremur skal kjósa tvo varamenn og taka þeir sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna í þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Stjórn er heimilt að boða varamenn á stjórnarfundum og fá þeir þá málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin skiptir með sér verkum. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

**9.grein**

Stjórn félagsins skal innheimta félagsgjöld, sem aðalfundur ákveður og verða þau innheimt fyrir endurmenntunarnámskeið ár hvert. Dómarar halda félagsaðild sinni svo lengi sem þeir greiða félagsgjöld.

**10.grein**

Til að viðhalda dómara réttindum þarf að mæta á endurmenntunarnámskeið ár hvert. Dómari þarf að sitja allt námskeiðið án frávika til þess að virkja réttindi sín það ár. Dómari sem sækir ekki endurmenntunarnámskeið í 2-5 ár er heimilt að sækja endurmenntunarnámskeið og standast þar til gert stöðupróf til að öðlast réttindi sín á ný. Sæki dómari ekki endurmenntunarnámskeið í 6 eða fleiri ár þá er honum gert að sækja nýdómaranámskeið og endurnýja þannig réttindi sín.

**11.grein**

Lögum þessum er hægt að breyta á aðalfundi HÍDÍ með 2/3 greiddra atkvæða. Tillaga um að leggja niður félagið telst aðeins samþykkt að hún hafi hlotið ¾ atkvæða. Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess og eignir renna til LH.

*Reykjavík, 28.janúar 2013*